

## **7. Fundur stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins Haldinn á TEAMS, föstudaginn 8. september 2023, kl. 08.30**

### **Fundinn sátu:**

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Sævar Birgisson, Eva Josteinsdóttir, Rannveig Grétarsdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Dagbjört Oddsdóttir (varam.), Josh Friðriksson (varam.) og Inga Hlín Pálsdóttir (frkvstj).

**Forföll:** Jakob Einar Jakobsson og Elísabet Sveinsdóttir

**Fundargerð ritaði:** Inga Hlín Pálsdóttir

Dagskrá:

#### **1. Fundargerð fundar 11. ágúst**

Geymd til undirskriftar fram að næsta staðfundi

#### **2. Yfirlit yfir stöðu og rekstur**

Farið var yfir stöðuna og reksturinn til upplýsinga fyrir stjórn. Kynningin var send sem fundargagn fyrir fund.

- Rætt um aðild fyrirtækja með íslenska kt. en erlend og hvort væri tekið tillit til við fjölda ársverka í aðild. Ákveðið að skoða betur og klára á næsta stjórnarfund.
- Fundargerðir stjórnar verða gerðar aðgengilegar á opnum Teams link þar til við eigum okkar eigin vefsíðu.

Engar athugasemdir en góð umræða um framgang verkefna.

#### **3. Staða á samningi við sveitarfélögin**

Allir samningar hafa verið sendir út til samþykktar í borg- og bæjarfélögum.

#### **4. Staða á viðræðum við Reykjavíkurborg – samningur um Visit Reykjavík og vefmál**

Farið yfir stöðu mála varðandi vefmál og samning um vörumerkið Reykjavík. Flóknara en gert var ráð fyrir varðandi vefmálin. Verður reynt að keyra áfram eins hratt og mögulegt er.

#### **5. Endurskoðuð fjárhagsáætlun**

Samþykkt.

#### **6. Dagskrá Ferðamálaþings**

Ákveðið að ekki verði erlendur fyrirlesari. Fókusinn verður inn á við og reynt að finna jafnvægi milli sveitarfélaga og fyrirtækja. Hugmynd um að vera einnig með nýsköpunarvinkil. „Takið daginn frá“ sent út núna og mikilvægt að kynna í framhaldinu vel innan sveitarfélaganna líka.

#### **7. Önnur mál**

Hugmynd að verkefni með stórfyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu lögð fram. Samþykkt að skoða frekar og hvort sambærileg verkefni hafi verið gerð hjá öðrum áður en ákvörðun væri tekin. Umræða verður aftur á næsta stjórnarfund.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10.00.**